

Djúpavogshreppur  
b/t Páll Jakob Líndal  
Bakka 1  
765 Djúpivogur

Reykjavík, 18. nóvember 2019  
UST201910-241/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 – ljósleiðari.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps er barst 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að breyta legu ljósleiðara á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu.

#### **Sérstök vernd**

Umhverfisstofnun bendir á strengleiðin liggja m.a. um votlendi og leirur sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá afmörkun svæða sem falla undir sérstaka vernd á síðu NÍ [www.serstokvernd.ni.is](http://www.serstokvernd.ni.is)

Lögnin mun m.a. liggja í leirum í Henglavík, í votlendi neðan Arabólshjalla og við Knarrarósá, en þar er einnig starungsmýrarvist sem er vistgerð með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 um vistgerðir sem ber að vernda. Auk þess mun lögnin liggja í votlendi norðan við Litla – Krossanes og við Steinvatn.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir

öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Bakkagróður**

Þar sem strengurinn þverar ár eins og Selá bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að breytingartillagan sé í samræmi við ákvæði laganna.

### **Fuglalíf**

Strengleiðin mun liggja um og við Álftafjörð sem er stundum flokkaður sem sjávarlón. Skv. heimasíðu NÍ eru í firðinum víðáttumiklar leirur og sjávarfitjar sem eru alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður vaðfugla á fartíma, einkum þó jaðrakans að vori. Fjöldi álfta á fjaðrafellitíma nær líka alþjóðlegum verndarviðmiðum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að metin séu umhverfisáhrif tillögunnar á fuglalíf.

### **Teigarhorn**

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 8. gr. auglýsingar um fólkvanginn Teigarhorn eru allar framkvæmdir innan fólkvangsins háðar leyfi Djúpavogshrepps og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

### **Frágangur**

Umhverfisstofnun telur að til uppgræðslu eigi að nota staðargróður eins og kostur er t.a.m. með því að geyma svarðlag til að leggja aftur yfir. Stofnunin telur slík vinnubrögð við frágang svæða sérstaklega mikilvæg þegar um er að ræða vistir með verndargildi.

Mikilvægt er að tryggja að vistgerðum sem njóti verndar verði ekki raskað að mati stofnunarinnar. Á öðrum svæðum þar sem finna má vistgerðir með lágt verndargildi telur Umhverfisstofnun að nota eigi lágvaxnar grastegundir sem svipa til staðargróðurs ef ekki tekst að fræslægja. Umhverfisstofnun telur að vöktunaráætlun framkvæmdar ætti að tryggja fullnægjandi frágang svæðis að framkvæmdum loknum.

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur